



### Skýrsla um slys

Málnr.: **24-010-S-001 Steinunn SH 167**

Dags: **17. janúar 2024**

Staður: **Út af Ólafsvík**

Lýsing: **Skipverji rennur til og slasast**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

---

## Samantekt:

Þann 17. Janúar 2024 var Steinunn SH 167 að veiðum norður af Öndverðarnesi um 10 sjómílna fjarlægð frá Ólafsvík. Skipverji braut tvö rifbein þegar hann rann til og féll á efra þilfari. Veður: ANA 16-18 m/sek., 6-8 stiga frost og ísing.

## Helstu staðreyndir:

Skipaskr.nr. 1134  
Útgerð: Steinunn ehf.  
Smíðaður: Stálvík 1971, stál  
Stærð: 236 BT  
Mesta lengd: 33,30 m Skráð lengd: 29,50 m  
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,4 m  
Vél: Caterpillar 1990, 578 kW  
Fjöldi skipverja: 7



Gögn: RNSA

## Atvikalýsing:

- Grjót kom í veiðarfærið og þurfti að koma fyrir grind í lúgu á móttökunni sem var á efra þilfari svo það færi ekki niður í neðri móttökuna sem var á vinnsluþilfarinu (mynd nr. 1).
- Þegar búið var að fjarlægja grjótið úr móttökunni var skipverjinn að teygja sig eftir grindinni í móttökunni til að fjarlægja hana. Steig hann upp á kant á lúgukarminum sem var u.þ.b. 10 cm breiður. Rann hann þá til og féll af karminum með þeim afleiðingum að brjóstkassinn lenti á brúninni á móttökunni (mynd nr.1).



Lúgukarmur sem hinn slasaði lenti á

Lúga í móttöku

Kantur sem hinn slasaði steig upp á, rann af og slasaðist

Mynd 1.

- Slasaði var óvinnufær það sem eftir var veiðiferðarinnar en farið var með hann á heilsugæslustöð þegar komið var í land. Þar kom í ljós að hann var með tvö brotin rifbein.

## Nefndarálit:

Mikil ísing og erfiðar vinnuaðstæður voru aðalástæður slyssins.

*Guðmundur Freyr Úlfarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttir, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.*